

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

327. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins að Gylfaflöt 5, mánudaginn 11.11.2013, kl. 07:30.

Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Ómar Stefánsson, Karl Sigurðsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Páll Hilmarsson og Hafsteinn Pálsson. Yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson er fjarverandi. Gestir fundarins undir lið 2 eru Gunnar Herbertsson frá Mannvit verkfræðistofu og Jón Ólafur Vilhjálmsson stöðvarstjóri móttökustöðvarinnar í Gufunesi, undir lið 3 Lúðvík E. Gústafsson frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Tekið fyrir:

1. **Samanburður rekstrar og áætlunar fyrstu 9 mánuði ársins.**
Samanburð rekstrar og áætlunar janúar – september 2013. Frestað til næsta fundar.
2. **Fyrirkomulag útboðs í móttökustöð.**
Rætt mögulegt fyrirkomulag á útboði á flutningum og meðhöndlun úrgangs frá móttökustöð SORPU í Gufunesi. Sérfræðingum Mannvits er falið að vinna að tillögum í samstarfi við staðgengil framkvæmdastjóra.
Bjarni Torfi Álfþórsson mætti á fundinn klukkan 8.10.
3. **Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.**
Lúðvík E. Gústafsson starfsmaður Sambands Íslenskra Sveitarfélaga kynnir „Markmið um meðhöndlun úrgangs í Landsáætlun og umræða um ný markmið í Evrópu“. Málið rætt.
4. **Kærur Íslenska Gámafélagsins.**
Lagt fram bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, dagsett 28. október 2013, er varðar kæru Íslenska Gámafélagsins vegna kröfu SORPU um upplýsingar er varða uppruna úrgangs og svar SORPU dagsett 31. október 2013.
Lagt fram bréf frá Úrskurðarnefndar um upplýsingamál, dagsett 25. október 2013, er varðar kæru Íslenska gámafélagsins vegna synjunar SORPU bs um afhendingu gagna sem sýna eiga á hvern hátt sektargreiðsla Samkeppnisýfirvalda frá 21.12.2012, mál nr. 34/2012, var fjármögnuð. Lagt fram svar SORPU bs dagsett 7. nóvember 2013.
5. **Niðurstaða sameiginlegs útboðs um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar.**
Kynnt niðurstaða sameiginlegs útboðs um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar. Stjórn samþykkir ráðningu KPMG.
6. **Önnur mál.**
Ómar Stefánsson leggur fram eftirfarandi bókun:
„Tel að hið nýja eigendasamkomulag sé vanhugsað og ekki nægjanlega vel ígrundað. Ekki var unnið í samvinnu við stjórn SORPU eins og boðað var þegar eigendavettvangi SSH var komið á.“

Næsti fundur stjórnar verður mánudaginn 25. nóvember klukkan 7.30.

KS
MGM
BTH
MAM
SSB
OS

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.50.
Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Margrjet Anna Magnúsd.

Ómar Stefánsson

Þorvaldur

Ísmaður

Ólafur Lárusson

Karl Sig

23.02.2014
Bjarni Harðar